

Nr. 30/1905:

Hið opinbera

gegn

Gísla Einarssyni, Kolbeini Eiríkssyni,
Erlendi Loftssyni, Stefáni Eiríkssyni
og Ólafi Bergssyni.

D ó m u r:

Mál þetta var höfðað af valdstjórninni gegn hinum kærðu, bændunum Gísla Einarssyni, Kolbeini Eiríkssyni, Erlendi Loftssyni, Stefáni Eiríkssyni og Ólafi Bergssyni, öllum í Árnessýslu, fyrir brot á fjárskilareglugjörð fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) í Árnessýslu, staðfestri af amtinu 5. júlí 1902, og var þeim gefið að sök, að þeir hefðu allir haustið 1903 brotið gegn 45. gr. nefndrar reglugjörðar. Málinu var ráðið til lykta með dómi lögregluréttar Árnessýslu þannig, að allir hinir kærðu voru sýknaðir, og málskostnaður lagður á almannafé. En dómi þessum hefir valdstjórnin áfrýjað til yfirréttarins.

Máli þessu er svo varið, að haustið 1903 hinn 12. október fóru 4 menn úr Skeiðahreppi í eftirleit inn á Skeiða- og Flóamannaafrétt, og gjörðu þeir það með samþykki hlutaðeigandi hreppsnefnda í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og samkvæmt 42. gr. í fjárskilareglugjörðinni. En þá urðu eftirleitarmenn þess varir, morguninn eftir, er þeir hófu eftirleitina, að ýmsir menn úr Gnúpverjahreppi voru farnir að smala fremri hlut afréttarins og reka féð fram í byggð. Þetta töldu eftirleitarmenn brot á fjárskilareglugjörðinni, 45. gr. hennar, og kærðu menn þá til sekta og skaðabóta, er þeir hugðu viðriðna smölunina, en það eru bændur þeir, sem hafðir eru

fyrir sök í máli þessu. En þennan sama dag, sem eftirleitin var gjörð, átti almenn haustsmölun að fara fram í Gnúpverjahreppi á jörðum þeim sem liggja til fjalls, samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar í greindum hreppi, og í samhljóðan við 73. gr. fjárskilareglugjörðarinnar. Samkvæmt þessu var það, að hinir kærðu létu smala heimalönd sín þennan dag, en hafa kannast við það, að þeir hafi jafnframt smalað inn fyrir byggðina um framanverðan afrétt Skeiða- og Flóamanna og leitað þar eftir fé. Þeir þykjast eigi hafa viljað brjóta gegn fjárskilareglugjörðinni með þessum verknaði; þetta hafi viðgengist að undanfögnu átölulaust, enda yrði óbúandi á þessum fjallajörðum, ef bændur mættu eigi hirða fé sitt þar, fyrir innan byggðina, það er þangað rynni, án þess að gjalda háan toll af því til eftirleitar-manna. Þeir hafa haldið því fram, að þeir hafi smalað og safnað fé því, sem þegar var heimt, en síðar hafi aftur runnið á afréttinn, og að í fjársafni þeirra hafi eigi verið neinar eða aðeins örfáar óskilakindur (þ: áður óheimtar kindur), enda hafi þeir boðið eftirleitarmönnum að rannsaka safnið og taka úr því óskilakindur, ef þær myndust.

Fjárskilareglugjörðin, sem áður er nefnd, segir nú í 45. gr., að eigi skuli hirða fé í smölunum í afrétti á þeim stöðum, er eftirleitarmenn fara venjulega um, ef fyrsta eftirleit er ekki afstaðin, nema því að eins að í ógöngum sé. Það er eigi vafamál, að hér var um afrétt að ræða, er eftirleitarmenn fara venjulega um, og eins hitt, að fyrsta eftirleit var ekki afstaðin. Eftir ákvæði þessu var bændum, hinum kærðu, óheimilt að smala afréttinn, úr því að nefnd eftirleit var eigi um

garð gengin. Það þykir eigi þurfa að víkja frá þessum skilningi á 45. gr., sem beint leiðir af orðalagi hennar, sakir ákvæða 44. gr., því að hún ræðir aðallega um gjaldið, eftirleitar- eða smölunartollinn, og virðist eiga að skilja grein þessa svo, að toll þennan skuli eigi taka af neinni skepnu, sem finst í heimahögum eftir lögsöfn, né af nokkru því fé, sem við smalanir finnist í afrétti, eftir þann tíma er leyft er yfir höfuð (í 45. gr.) að smala fé í afrétti (þ: eftir fyrstu eftirleit). Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar virðist það hafa verið óheimilt hinum kærðu eftir 45. gr., að smala afréttinn á þeim tíma og á þann hátt, er þeir gjörðu það. Með því að eigi verður tekið tillit til þess, þótt hinir kærðu hafi skilið reglugjörðar-ákvæðin á annan veg, né til þess að reglugjörðinni hefir eigi verið beitt í þessa átt að undanfögnu, verður að dæma hina kærðu til sekta fyrir brot á 45. gr. reglugjörðarinnar, og ákveðst sektin í króna fyrir hvern þeirra, er renni að fjórðungi til uppljóstrarmanna, kær-enda, en að $\frac{3}{4}$ í sveitarsjóð Gnúpverjahrepps. Að dæma kærendum skaðabætur eftir kröfu þeirra, getur eigi komið til mála, með því að engin gögn eru fyrir hendi, er meta megi skaðabæturnar eftir, enda eigi sannað að kærundur hafi orðið fyrir neinum fjárhags-
legum skaða, að sleptum eftirleitartollum þeim, er þeir urðu af, en þeirra hafa þeir eigi krafist. Hinir kærðu verða og allir sem einn og einn sem allir að greiða allan kostnað málsins bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflytningislaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. fyrir hvorn þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinir kærðu, bændurnir Gísli Einarsson, Kolbeinn Eiríksson, Erlendur Loftsson, Stefán Eiríksson og Ólafur Bergsson greiði hver þeirra 1 — einnar — krónu sekt, er að $\frac{1}{4}$ hluta renni til uppljóstrarmanna, en að $\frac{3}{4}$ í sveitarsjóð Gnúpverjahrepps. Svo greiði þeir og allir sem einn og einn sem allir allan kostnað málsins bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Guðmundar Eggerz og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. júlímánaðar.

Nr. 31/1905:

Réttvísín

gegn

Vilhjálmí Ingímagnssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, uppkveðnum 21. marz þ. á. var hinn ákærði Vilhjálmur Ingímagnsson dæmdur fyrir þjófnað, framinn í 5. sinn, til að sæta betrunarhúsvinnu í 2 ár og til að greiða